

Umhverfis- og auðlindaráðuneytið, skrifstofa landgæða
Skilað á samráðsgátt stjórnvalda.

22. október 2021

Efni: Umsögn um drög að reglugerð um sjálfbæra landnýtingu

Vísað er til draga að reglugerð um leiðbeiningar og viðmið um sjálfbæra landnýtingu sem umhverfis- og auðlindaráðuneytið birti í samráðsgátt stjórnvalda 24. september sl. (mál nr. 184/2021).

Skipulagsstofnun hefur farið yfir drögin og vill koma á framfæri eftirfarandi ábendingum.

Almennt um tengsl við skipulagsgerð

Ákvarðanir um ráðstöfun lands til uppbyggingar og mismunandi nýtingar eru teknar í skipulagsáætlunum sveitarfélaga. Þar á sjálfbærni að vera leiðarstef, sbr. markmið skipulagslaga og landsskipulagsstefnu. Það er fengur að reglum og leiðbeiningum um sjálfbæra landnýtingu til að styrkja grundvöll þeirra ákvarðana sem teknar eru í skipulagi um ráðstöfun lands til uppbyggingar og nýtingar.

7. gr. Viðmið vegna jarðræktar/akuryrkju

Í 7. gr. reglugerðardraganna segir í e-lið: „... Hlíta skal viðmiðum um lágmarksbreidd á grónu, ósnertu landi á milli akurs og áa og lækja til að draga úr hættu á að jarðvegur og áburðarefni berist í vatnsból með vatnsrofi úr akrinum og mengunarefni safnist þar upp eða dreifist í umhverfið og valdi þar meinvirkum áhrifum.“

Þar sem þarna er gerð krafa um að fylgja viðmiðum um tiltekið efni þyrfti að mati Skipulagsstofnunar að koma fram hvar þau viðmið er að finna, þar sem þau eru ekki sett fram í sjálfum reglugerðardrögunum.

Í f-lið 7. gr. segir: „Lágmarka skal lokun jarðvegs undir ógegndræpu yfirborði innviða/mannvirkja tengt þéttbýli með ábyrgri skipulagningu landnýtingar, til að huga að vernd ræktarlands í samræmi við jarðalög nr. 81/2004, sbr. breytingalög nr. 29/2015.“

Skipulagsstofnun mælir með að orðalagi ákvæðisins verði breytt þannig að það taki ekki eingöngu til þéttbýlis heldur víðar til uppbyggingar ótengdri búskap og taki þannig einnig til, til dæmis, íbúðarbyggðar utan þéttbýlis og frístundabyggðar.

Viðauki III. Sjálfbær landnýting og framkvæmdir. Meginreglur sjálfbærrar landnýtingar í tengslum við framkvæmdir:

Priðja málsgrein viðauka III hljóðar svo:

„Landnýtingar skal getið sérstaklega í skipulagslýsingu og lögð skal fram í gögnum sérstök matslýsing á því hver möguleg áhrif landnýtingar eru og með hvaða hætti verði komið til móts við þau gerist þess þörf. Við gerð, yfirferð og afgreiðslu aðal- og deiliskipulags skal leita umsagnar Landgræðslunnar varðandi landnýtingarþáttinn.“

Skipulagsstofnun mælir með að málsgreinin verði felld út eða endurskoðuð. Óþarfi er að tilgreina að landnýtingar skuli getið í skipulagslýsingu. Það leiðir beint af ákvæðum skipulagslaga og skipulagsreglugerðar. Sama gildir um efni matslýsingar. Það leiðir beint af lögum og reglugerðum um skipulagsgerð og umhverfismat. Skipulagsstofnun telur betur eiga við að það sé metið út frá efni skipulags hverju sinni hvort tilefni er til að leita umsagnar Landgræðslunnar. Einsog ákvæðið er nú orðað yrðu allar aðal- og deiliskipulagstillögur sveitarfélaga, á öllum stigum skipulagsferlis, háðar umsögn Landgræðslunnar. Ljóst hlýtur að vera að ekki getur verið tilefni til að að setja slíka kröfu.

Ný lög um umhverfismat

Í skjalinu er vísað til laga nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum.

Skipulagsstofnun vekur athygli á að ný lög nr. 111/2021 um umhverfismat framkvæmda og áætlana hafa leyst af hólmi lög nr. 106/2000.



Ásdís Hlökk Theodórsdóttir